

Fundargerð 102. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 21. Janúar 2016, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,

Sigrún Árnadóttir,

Fjóla Hrund Björnsdóttir,

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.frkvstj. sem jafnframt ritaði fundargerð.

Inná fundinn komu undir lið nr. 1 Kjartan Már Kjartansson, bærarstjóri Reykjanesbæjar og Magnús Stefánsson, bærarstjóri Sveitarfélagsins Garðs

1. *Heimsókn bærarstjóra Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sandgerðisbæjar*

Kjartan Már Kjartansson bærarstjóri Reykjanesbæjar og Magnús Stefánsson

bærarstjóri Sveitarfélagsins Garðs komu á fund stjórnar. Bærarstjóri Sandgerðisbæjar,

Sigrún Árnadóttir, situr í stjórn ÞK og sat því fundinn.

Fjallað var um framtíð Ásbrúar og samvinnu sveitarfélaganna um uppbyggingu, þróun og skipulag svæðisins til framtíðar.

2. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

3. *Tilboð í fasteignir og kaupsamningar*

Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað varðandi kauptilboð og kaupsamninga undir þessum lið.

a. *Tilboð frá Sverri Sverrissyni hf. Í Skógarbraut 945 og Keilisbraut 755*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Sverri Sverrissyni hf. í eignir á Skógarbraut og Keilisbraut. Stjórn samþykkti bæði kauptilboðin.

b. *Tilboð í eignir frá Íslenskum fasteignum*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð frá Íslenskum fasteignum.

Tilboðið var lagt fram til kynningar. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

c. *Tilboð frá Keilisbraut 753 og 750 frá Vallarvinum*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð frá Vallarvinum í byggingar á Keilisbraut 753 og 750. Stjórn samþykkti kauptilboðin.

FTTB
SJK
SJK

d. *Tilboð í Lindarbraut 636 og Keilisbraut 745*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð frá Karli Mikla ehf. í Lindarbraut 636 og Keilisbraut 745. Stjórn samþykkti bæði kautilboðin.

e. *Tilboð í Bogatröð 31 (2126) og 33 (2128) frá Grænni orku ehf.*

Framkvæmastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð frá Grænni orku í Bogatröð 31 og 33. Stjórn samþykkti bæði kautilboðin.

f. *Tilboð frá BT2122 í Bogatröð 29 (2122)*

Framkvæmdastjóri fór yfir kautilboð í Bogatröð 29 frá fyrirtækinu BT2122. Stjórn samþykkti kautilboðið.

4. *Kaup Björns ehf. á Lindarbraut 634*

Framkvæmdastjóri lagði fram samning um kaup Björns ehf. á Lindarbraut 634. Stjórn samþykkti og fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

5. *Sala á ljósavélum til Usi*

Framkvæmdastjóri lagði fyrir stjórn tilboð um sölu á ljósavélum til United Silicon. Stjórn samþykkti tilboðið.

6. *Áætlanir fyrir árið 2016 fyrir HV2 og HGSKIL*


Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar og samþykkar áætlanir fyrir HV2 og HGSKIL fyrir árið 2016. Stjórn samþykkti áætlanirnar.

7. *Önnur mál*

Engin önnur mál voru rædd undir þessum lið.

Næsti stjórnarfundur áætlaður í næstu viku, 28.janúar.

Fleira ekki ger t og fundi slitið kl. 14.40



Hóla Itund Björnsd.

